

Sparisjóður Strandamanna

Ársreikningur 2010

Sparisjóður Strandamanna
Hafnarbraut 19
510 Hólmavík

kt. 610269-4199

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstremisfyrlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Rekstur ársins 2010

Ársreikningur Sparisjóðs Strandamanna er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður út frá sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Hagnaður varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2010 að fjárhæð 3,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 220,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálastofnanir er 9,1% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sparisjóðsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2011 vegna ársins 2010, en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárlutfallum.

Stofnfé sparisjóðsins nam 259,7 millj. kr. í árslok 2010 og var það í eigu 102 stofnfjáraðila. Í árslok átti enginn stofnfjáraðili yfir 5% eignarhlut.

Í skýringu númer 21 í ársreikningnum er fjallað um þá óvissu sem er vegna dóma um gengisbundin lán og samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Eins og fram kemur í skýringunni leiðir framangreint til ákveðinnar óvissu á fjárhagsstöðu sparisjóðsins.

Ekki hefur verið gengið frá samkomulagi milli sparisjóðsins og Seðlabankans um uppgjör á skuldum sparisjóðsins við bankann þrátt fyrir að fyrir hafi legið óstaðfestur samningur bar að lútandi. Þá er það álit stjórnenda sparisjóðsins að verði gengisbundin útlán sjóðsins dæmd ólögleg kunni slíkt hið sama að eiga við um lán sjóðsins hjá Seðlabankanum. Niðurstaðan varðandi gengisbundin lán kann því að verða sparisjóðnum hagstæð. Áætlanir sparisjóðsins gera ráð fyrir hagnaði af rekstri sparisjóðsins. Framangreind atriði gætu haft veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu sparisjóðsins, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar.

Á síðasta ári hurfu Byr sparisjóður og Sparisjóðurinn í Keflavík úr sparisjóðafjölskyldunni. Auk þess á ríkið meirihluta eða verulegan hluta í fimm af þeim tíu sjóðum sem nú eru starfandi. Afstaða Bankasýslunnar sem fer með eignarhald ríkisins í sparisjóðum mun því hafa afgerandi áhrif á framtíð sparisjóðanna.

Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2010 og rekstrarrafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2010.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sparisjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættubáttum og óvissu sem sparisjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Strandamanna hafa í dag rætt ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2010 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Hólmavík 24. mars 2011

Stjórn:

Björn Þorlásar
Björn Þorlásarsson
Guðrún Lízurgeirsson
Guðrún Lízurgeirsson
Guðrún Lízurgeirsson

Lízurður Jónasson
Jenný Janalóttie

Sparisjóðsstjóri:

Guðrún Lízurgeirsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Strandamanna.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Strandamanna fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarrekning, efnahagsrekning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymsfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeiri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er okkar álit að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar um hugsanleg áhrif dóma um gengistryggingu lánasamninga. Eins og fram kemur í skýrslunni ríkir óvissa um mat á útlánum og lántöku í kjölfar dómsins.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1., mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. mars 2011

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Vaxtatekjur		192.311	208.462
Vaxtagjöld		(99.820)	(132.668)
Hreinar vaxtatekjur	5	92.491	75.794
Þjónustutekjur		11.496	11.014
Þjónustugjöld		(2.405)	(1.808)
Hreinar þjónustutekjur		9.091	9.206
Hrein gjöld af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	6	(18.091)	(131.461)
Aðrar rekstrartekjur		9.942	9.646
Önnur rekstrargjöld samtals		(8.149)	(121.815)
Hreinar rekstrartekjur		93.433	(36.815)
Laun og launatengd gjöld	7	(30.161)	(28.748)
Annar rekstrarkostnaður		(34.591)	(31.415)
Afskriftir	12	(379)	(183)
Virðisryrnun útlána	9	(18.000)	(142.683)
		(83.131)	(203.029)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		10.302	(239.844)
Tekjuskattur	14	(6.552)	50.372
Hagnaður (tap) ársins		<u>3.750</u>	<u>(189.472)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka		1.435.050	818.268
Kröfur á lánastofnanir		148.340	230.469
Útlán til viðskiptamanna	9	1.018.201	1.036.539
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	10	201.444	255.198
Hlutdeildarfélög	11	5.244	6.350
Rekstrarfjármunir	12	7.697	7.842
Fastafjármunir til sölu	13	14.316	14.316
Skatteign	14	80.354	86.906
Aðrar eignir		3.561	2.486
		<u>2.914.207</u>	<u>2.458.374</u>
	Eignir samtals	2.914.207	2.458.374
Skuldir			
Almenn innlán	15	1.833.768	1.412.766
Lántökur	16	828.881	799.356
Lífeyrísskuldbinding	17	10.282	9.676
Aðrar skuldir		20.794	19.844
	Skuldir samtals	2.693.725	2.241.642
Eigið fé			
Stofnfé		259.693	259.693
Varasjóður		(39.211)	(42.961)
	Eigið fé samtals	18	220.482
	Eigið fé og skuldir samtals	2.914.207	2.458.374

Eiginfjáryfirlit árið 2010

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Árið 2010			
Eigið fé 1. janúar 2010	259.693	(42.961)	216.732
Hagnaður ársins		3.750	3.750
Eigið fé 31. desember 2010	259.693	(39.211)	220.482
Árið 2009			
Eigið fé 1. janúar 2009	223.181	196.008	419.189
Arðgreiðslur		(12.985)	(12.985)
Tap ársins		(189.472)	(189.472)
Endurmat stofnfjár vegna ársins 2008	36.512	(36.512)	0
Eigið fé 31. desember 2009	259.693	(42.961)	216.732

Sjóðstreymsyfirlit árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		3.750	(189.472)
Rekstrarlíðir sem hafa ekki áhrif á fjárvstreymi:			
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	6	1.106	207
Afskriftir rekstrarfjármuna	12	379	183
Virðisrýrnun útlána	9	18.000	142.683
		23.235	(46.399)
Útlán og kröfur, breyting		(110.494)	(222.137)
Fjáreignir á gangvirði, breyting		53.754	202.099
Fastafjármunir til sölu		0	(14.316)
Aðrar eignir, breyting		(1.075)	(674)
Innlán, breyting		501.093	719.815
Lántaka, breyting		49.505	21.042
Lifeyrisskuldbinding, breyting		606	519
Skatteign, breyting		6.552	(50.372)
Aðrar skuldir, breyting		950	(2.238)
		524.126	607.339
Innheimtir vextir og arður		192.048	209.531
Greiddir vextir		(100.070)	(132.668)
	Handbært fé frá rekstri	616.104	684.202
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	12	(234)	0
	Fjárfestingarhreyfingar	(234)	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		0	(12.985)
	Fjármögnunarhreyfingar	0	(12.985)
Hækkun á handbæru fé		615.870	671.217
Handbært fé í ársbyrjun		901.760	230.543
Handbært fé í lok ársins		1.517.630	901.760

Skýringar

1. Upplýsingar um sparisjóðinn

Sparisjóður Strandamanna er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru að Hafnarbraut 19, Hólmavík.

Hlutverk Sparisjóðs Strandamanna er að bjóða viðskiptavinum sínum alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 24. mars 2011.

b. Matsaðferðir

Ársreikningur sparisjóðsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að ákveðnar fjáreignir hafa verið tilgreindar á gangvirði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem tekna eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir tekna við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa veruleg áhrif á ársreikninginn er að finna í skýringu 3.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfírráð. Veruleg áhrif eiga sér alla jafna stað þegar sparisjóðurinn ræður yfir á milli 20% og 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum atkvæðarétti ef einhver er.

Ársreikningur sparisjóðsins inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild sparisjóðsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema sparisjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jafnað.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir frh.:

b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjálfa er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflega bókfærðu verði fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlar sparisjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþáttu fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Ef fjáreign eða safn sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var við útreikning á virðisrýrnununni. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýrnunar.

c. Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem hann fær greitt fyrir. Meðal þessara tekna eru tekjur vegna samninga um viðskipti fyrir þróðja aðila, þjónustutekjur vegna hlutabréfa- og skuldbréfaviðskipta auk annarra tekna. Þjónustutekjurarnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sparisjóðurinn kaupir en þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

d. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskulduum á gangvirði

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskulduum fela í sér allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar af fjáreignum og fjárskulduum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði, arð og gengishagnað eða tap af gjaldmiðlum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar arðgreiðsla er samþykkt.

e. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

f. Virðisrýrnun

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstökum lánum og kröfum og hins vegar tap á ákveðnum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar hennar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er þá færð í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

f, Virðisrýrnun frh.

(i) Virðisrýrnun útlána og krafna

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstökum lánum og kröfum og hins vegar tap á ákveðnum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felst í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda;
- (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstóli;
- (iii) sparisjóðurinn veitir lántakanda af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, í vilnun í formi endurfjármögnumnar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslegu eign vegna fjárhagslegra vandræða; eða
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflokkki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í floknum, þar á meðal:
 - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í floknum; eða
 - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í floknum.

Mat einstakra útlána og krafna

Virðisrýrnun á einstökum lánum og kröfum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Sparisjóðurinn metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggi hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til eftirfarandi þáttu:

- heildaráhætta sparisjóðsins gagngvart viðskiptavinum;
- fjárhæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna;
- líklegur ágóði til sparisjóðsins við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingaleg óvissa er fyrir hendi;
- söluluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþáttu) og líkindum á endurgreiðslu; og
- líklegur frádráttur kostnaðar við innheimtu útistandandi fjárhæða;

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfært verð útlána og krafna við núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti. Þegar lán er með breytilegum vöxtum er ávoxtunarkrafan sú sama og gildandi virkir vextir lánsins. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

Mat á söfnun útlána og krafna

Þar sem lán og kröfur hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra áhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun þeirra. Þetta tap nær til lána og krafna sem eru virðisýrð á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slik fyrr en síðar.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

f. Virðisrýrnun frh.

(i) Virðisrýrnun útlána og krafna frh.

Virðisrýrnun á safni er metin með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymi lánasafns sem er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna;
- söguleg tapreynsla í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaður tími frá því virðisrýrnun hefur átt sér stað þar til hún er greind og færð með sérstöku framlagi í afskriftarrekning;
- mat stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eru í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingum á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að lágmarka mun á milli áætlaðs og raunverulegs taps.

Endanlegar afskriftir

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

(ii) Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð

Endurheimtanleg fjárhæð af fjárfestingum sparisjóðsins í fjáreignum sem bókfærð er á afskrifuðu kostnaðarverði er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hreint gangvirði eða notkunarvirði þeirra, hvort sem hærra er. Þegar notkunarvirði er metið, er framtíðarsjóðstreymi núvirt með ávoxtunarkröfu fyrir skatt, sem endurspeglar núverandi markaðsaðstæður og þá áhættu sem fylgir eigninni. Þegar um er að ræða eign sem skapar ekki mikið sjálfstætt sjóðstreymi, er endurheimtanleg fjárhæð ákvörðuð fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

g. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarrekning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarrekning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi og allar leiðréttингar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársrekninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársrekningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sparisjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársrekningi hins vegar.

h. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

i. Útlán og kröfur á lánastofnanir

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá sem sparisjóðurinn tilgreinir og færir á gangvirði. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem sparisjóðurinn tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og sparisjóðurinn hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Skýringar, frh.: ---

3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir, frh.

i. Útlán og kröfur á lánastofnanir frh.

Útlán og kröfur eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

j. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Sparisjóðurinn tilgreinir ákveðnar fjáreignir við upphaflega skráningu þeirra í bókhaldi sem fjáreignir á gangvirði vegna þess að sú tilgreining skilar meira viðeigandi upplýsingum, þar með talið til stjórnenda sparisjóðsins. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning, sem hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði.

k. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fáanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Sparisjóðurinn sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

l. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem sparisjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána og krafna, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar sparisjóðurinn hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar sparisjóðurinn verður hluti af samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding sparisjóðsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

m. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

n. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisnýrnum.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunur, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til sparisjóðsins og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi sem gjöld þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	5-7 ár

Svo fremi að niðurlagsverð sé ekki óverulegt er það endurmetið árlega.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

o. Innlán

Innlán eru færð upphaflega á gangvirði og eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði.

p. Lántaka

Lántaka sparisjóðsins eru einkum lán frá fjármálafyrirtækjum. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin að frágrennum viðskiptakostnaði. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántökunnar.

q. Lifeyrisskuldbinding

Skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning vegna eftirlaunaskuldbindinga er núvirði skuldbindingarinnar á reikningsskiladegi. Lifeyrisskuldbindingin er reiknuð af tryggingastærðfræðingi árlega. Núvirði lifeyrisskuldbindingarinnar er ákváðað með því að núvirða áætlað framtíðar sjóðstreymi miðað við vaxtastig ríkisskuldbréfa. Vextir til að núvirða lifeyrisskuldbindinguna eru 2,0%.

r. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

s. Eigið fé

(i) Stofnfé

Ef stofnfé er keypt af stofnfjáraðila er sú fjárhæð sem greidd er, þar með talinn viðskiptakostnaður, færð til lækkunar á eigin fé.

(ii) Varasjóður

Í varasjóð er færður hagnaður ársins en arðgreiðslur ársins ásamt endurmati og tapi eru færðar úr varasjóð.

(iii) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur á stofnfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af stofnfjáraðilum á aðalfundi.

t. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikninsskilaaðferða

(i) Virðisrýrnun útlána og krafna

Sparisjóðurinn endurskoðar útláanasafn sitt og metur virðisrýrnun reglulega. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf sparisjóðurinn að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ýmist frá einstökum lánum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðar sjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

(ii) Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fáanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst er við núvirk fjárstreymi eða önnur verðmatslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Sparisjóðurinn sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

Skýringar, frh.:

4. Skýrsla um áhættustýringu

Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálafyrirtæki stendur sparisjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Helstu áhættuþættir eru útlánaáhætta, lausafjárhætta og markaðsáhætta.

a. Áhættustefna sjóðsins

Áhættumat ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna með skynsamlegri dreifingu útlána og fjárfestingum í öðrum eignum, er eitt af helstu verkefnum fjármálafyrirtækja. Margir áhættuþættir geta haft slæm áhrif á rekstur sparisjóðinn. Það er stefna stjórnar sjóðsins að fylgst skuli sifellt með og reynt að stjórna helstu áhættuþáttum sem haft geta áhrif á afkomu og eigið fé.

Markmið með áhættustýringu er að greina helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi sjóðsins. Stjórn sparisjóðsins mótar stefnu um áhættustýringu og ber ábyrgð á því gagnvart stofnfjáraðilum að þeim sé framfylgt. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn.

b. Ferli áhættustýringar og áhættueftirlits

(i) Samningar sem innihalda útlánaáhætta

Útlánaáhætta sjóðsins verður til við veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhætta í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Einnig er sparisjóðurinn opinn fyrir útlánaáhætta vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýtra yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

Útlánasafn: Helstu eignir sparisjóðsins eru útlán hans. Til að viðhalda og bæta gæði útlánasafns sjóðsins er mikilvægt að fylgst sé stöðugt með núverandi láanasafni sparisjóðsins.

Skuldbindingar og ábyrgðir: Sparisjóðurinn hefur samþykkt skuldbindingar sem tryggja viðskiptavinum hans tiltekinn aðgang að fjármunum. Hugsanlegt tap vegna skuldbindinga jafngildir fjárhæð heimilda þótt þær séu aðeins notaðar að hluta til hverju sinni.

(ii) Stefna varðandi útlánaáhætta

Undanfarin ár hefur sparisjóðurinn lagt áherslu á vel dreift útlánasafn og bætt gæði útlána. Lánaferlar eru til stöðugrar skoðunar, þ.e. hvað varðar gagnasöfnun, útlánaheimildir, lánumsumsóknir, skjalagerð og mat og skráningu trygginga.

c. Virðisrýrnun útlána

Framlag vegna útlánataps er fært þegar fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um að sparisjóðurinn geti ekki innheimt alla fjárhæð kröfu samkvæmt upphaflegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum. Afskriftareikningur vegna útlánatapa er færður til lækkunar á bókfærðu verðmæti útlána í efnahagsreikningi. Framlag í afskriftareikninginn er fært sem virðisrýrnun útlána. Afskriftareikningur útlána er metinn sérstaklega gagnvart einstökum mótaðilum eða hópi mótaðila samkvæmt eftirfarandi reglum:

(i) Sérstakar afskriftir

Krafa telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun þegar raunverulegar vísbendingar benda til þess að sparisjóðurinn muni ekki geta innheimt alla kröfuna samkvæmt upprunalegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum.

Útlán sem orðið hafa fyrir virðisrýrnun eru yfirfarin og metin reglulega. Allar síðari breytingar á fjárhæðum og tímasetningum vænts sjóðstreymis í samanburði við fyrri möt sem leiða til breytinga á afskriftareikningi eru gjaldfærðar sem virðisrýrnun útlána.

Virðisrýrnun er eingöngu bakfærð þegar gæði útlána hafa batnað nægilega mikið til að gild ástæða sé til að ætla að innheimta höfuðstóls og vaxta í tæka tíð í samræmi við upprunaleg samningsákvæði útlánanna geti átt sér stað.

Endanlegar afskriftir eru gerðar þegar krafa í heild sinni eða að hluta telst óinnheimtanleg. Endanlegar afskriftir eru færðar til lækkunar á heildarfjárhæð kröfu og á móti til lækkunar á afskriftareikningi eða sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi. Endurgreiðslur á áður afskrifuðum kröfum eru færðar til lækkunar á gjaldfærðri virðisrýrnun útlána.

Skýringar, frh.:-

4. Skýrsla um áhættustýringu, frh.

c. Virðisryrnun útlána frh.

(ii) Almennar afskriftir

Öll útlán sem ekki hafa verið færð í sérstakan afskriftareikning eru flokkuð saman í einsleit útláanasöfn þar sem metið er hvort virðisryrnun sé til staðar innan safnsins. Afskriftir vegna heildarmats á virðisryrnun er fært sem virðisryrnun útlána í rekstrarreikningi og til lækkunar á lánastöðu. Þar sem afskriftir eru ekki færðar vegna einstakra lána, eru vextir reiknaðir á öll lán samkvæmt samningsákvæðum.

Öll lán þar sem engin virðisryrnun er til staðar hjá mótaðila eru flokkuð saman í hagfræðilega einsleit lánasöfn þar sem metið er hvort virðisryrnun sé til staðar innan safnsins. Afskriftir vegna heildarmats á virðisryrnun teljast útgjöld vegna lánataps og leiða til mótfærslu á lánastöðu. Þar sem afskriftir eru ekki veittar vegna einstakra lána, eru vextir reiknaðir á öll lán samkvæmt samningsákvæðum.

d. Eftirlit og stýring lausafjáráhættu

Lausafjáráhætta er hætta á tapi vegna þess að sparisjóðurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Sparisjóðurinn fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Sjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Fjáreignir og fjárskuldir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	0-3 mánuðir	4-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár ár	Samtals
Sjóður og óbundnar innistæður	1.435.050				1.435.050
Kröfur á lánastofnanir	89.198		52.652	6.490	148.340
Útlán	146.994	176.853	541.590	152.764	1.018.201
Fjáreignir á gangvirði	141.642		59.802		201.444
Aðrar eignir	3.561				3.561
Fjáreignir samtals	1.816.445	176.853	654.044	159.254	2.806.596
Almenn innlán	1.407.038	39.041	329.130	58.559	1.833.768
Lántaka	104.924	198.954	525.003		828.881
Aðrar skuldir	20.794				20.794
Fjárskuldir samtals	1.532.756	237.995	854.133	58.559	2.683.443
Fjáreignir og fjárskuldir	283.689	-61.142	-200.089	100.695	123.153
Ónýttur yfirdráttur	62.571				62.571

Í lausafjárvirkingu sinni miðar sjóðurinn við vænt sjóðstreymi. Munurinn er aðallega sá að þó svo innlán séu bundin í skamman tíma í senn þá er reynslan sú að þau eru til mun lengri tíma. Þá ávaxtar sjóðurinn lausafé sitt að hluta til í markaðsbréfum sem ekki hafa skilgreindan eftirstöðvatíma, en sjóðurinn getur innleyst hvenær sem er.

e. Eftirlit og stýring markaðsáhættu

Stefna sparisjóðsins er að fylgjast náið með markaðsáhættunni og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem sett eru. Markaðsáhættu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði.

Skýringar, frh.:

4. Skýrsla um áhættustýringu, frh.

f. Vaxtaáhætta

Starfsemi sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir (þar á meðal fjárfestingar) og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma, eru endurreiknuð á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum. Hvað varðar breytilega vexti eigna og skulda er sparisjóðurinn einnig í hættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta og LIBOR-vaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Stefnt er að því að halda sem bestu jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna sparisjóðsins nam 398,6 millj. kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 432,8 millj. kr.

Heildarfjárhæð útlána sparisjóðsins sem bera fasta vexti nemur 120,0 millj. kr. en engin lántaka ber fasta vexti.

g. Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Fylgst er með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt. Sparisjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé sparisjóðsins.

Að jaftnaði skal miðað við að jafnvægi ríki milli eigna og skulda í erlendum myntum. Þó er heimilt að víkja þar frá, enda sé fylgt ákvæðum reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð. Í því felst að opin gjaldeyrisstaða sparisjóðsins í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en nemur 20% af eigin fé hans samkvæmt skilgreiningu í þeim reglum og samkvæmt síðasta birta uppgjöri. Þá skal heildargjaldeyrisjöfnuður sjóðsins hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 30% af eiginfjárgrunni hans samkvæmt síðasta birta uppgjöri.

Fari gjaldeyrisjöfnuður umfram þau mörk sem hér eru tilgreind skal þegar gripið til aðgerða til að laga hann. Skal jöfnuðurinn vera innan tilskilinna marka eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga.

Heildareignir eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 619,3 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 837,8 millj. kr.

Skýringar, frh.:

5. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:

	Vaxta- tekjur	Vaxta- gjöld	Hreinar vaxtatekjur
2010			
Kröfur á og skuldir við fjármálafyrirtæki	91.661	(454)	91.207
Útlán og innlán	96.113	(77.446)	18.667
Lántökur		(19.730)	(19.730)
Annað	4.537	(2.190)	2.347
Vaxtatekjur og vaxtagjöld	192.311	(99.820)	92.491

2009

Kröfur á og skuldir við fjármálafyrirtæki	64.947	(764)	64.183
Útlán og innlán	136.075	(106.749)	29.326
Lántökur		(23.837)	(23.837)
Annað	7.440	(1.318)	6.122
Vaxtatekjur og vaxtagjöld	208.462	(132.668)	75.794

6. Gjöld af fjáreignum tilgreindum á gangvirði

Gjöld af fjáreignum tilgreindum á gangvirði greinast þannig:

	2010	2009
Arðstekjur	257	1.068
Gjöld af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	(12.913)	(129.646)
Afkoma hlutdeildarfélaga sbr. skýringu nr. 11	(1.106)	(207)
Hreinn gjaldeyrismunur	(4.329)	(2.676)
Gjöld af fjáreignum tilgreindum á gangvirði samtals	(18.091)	(131.461)

7. Laun og launatengd gjöld

a. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	25.664	24.555
Önnur launatengd gjöld	4.497	4.193
Laun og launatengd gjöld samtals	30.161	28.748
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	5	5
Stöðugildi	5	5

b. Laun og þóknanir til stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

Sparisjóðsstjóri	7.694	7.137
Stjórnarformaður	648	672
Aðrir stjórnarmenn (5)	1.296	1.374
Samtals	9.638	9.183

8. Póknun endurskoðenda

Póknun endurskoðenda sundurliðast þannig:

Endurskoðun	3.310	3.202
Könnun árshlutareiknings	1.070	0
Önnur þóknun	2.825	891
Samtals	7.205	4.093

Skýringar, frh.:

9. Útlán

a. Útlán til viðskiptamanna

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:	2010	2009
Yfirdráttarlán	125.908	115.677
Skuldabréf	357.406	323.287
Gengistryggð skuldabréf	534.887	597.575
Samtals	1.018.201	1.036.539

b. Útlán eftir lántakendum

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:	0,1%	0,6%
Ríkissjóður og ríkisstofnanir		
Atvinnugreinar:		
Sjávarútvegur	37,3%	41,3%
Iðnaður og verktakar	7,6%	5,4%
Þjónusta	13,9%	19,6%
Einstaklingar	41,1%	33,0%
Samtals	100%	100%

c. Útlán eftir eftirstöðvatíma

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	28.437	16.671
Gjaldkræf útlán	118.557	118.287
Allt að 3 mánuðir	176.853	187.963
Yfir 3 mánuði og allt að ári	541.590	588.805
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	152.764	124.813
Yfir 5 ár	1.018.201	1.036.539
Samtals		

d. Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána greinist þannig;

	Afskriftarreikningur	2010	2009
	Sérstakur	Almennur	Samtals
Afskriftarreikningur útlána í ársbyrjun	197.940	20.768	218.708
Framlag í afskriftareikning á árinu	16.356	1.644	18.000
Endanlega töpuð útlán	(76.568)		(76.568)
Afskriftarreikningur útlána í árslok	137.728	22.412	160.140
Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum	11,4%	1,8%	13,2%
			16,8%

10. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði greinast þannig:	2010	2009
Skráðar eignir:		
Skuldabréf	53.498	95.648
Hlutabréf	0	10
Skráðar eignir samtals	53.498	95.658
Óskráðar eignir:		
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	102.129	120.446
Hlutabréf	35.811	39.094
Önnur skuldabréf	10.006	0
Óskráðar eignir samtals	147.946	159.540
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði samtals	201.444	255.198

Skýringar, frh.:

11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

a. Breytingar á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum

Breytingar á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	2010	2009
Bókfært verð í upphafi árs	6.350	6.557
Hlutdeild í afkomu	(1.106)	(207)
Bókfært verð í lok árs	<u>5.244</u>	<u>6.350</u>

b. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignar- hluti	Hlutdeild í afkomu	Nafn- verð	Bókfært verð
Teris	0,4%	0		2.388
Reiknistofa bankanna	0,4%	0		1.273
E17 ehf.	30,0%	(881)	150	(1.236)
Hornsteinar fasteignafélag ehf.	25,0%	(225)	3.250	2.819
		(1.106)		<u>5.244</u>

12. Rekstrarfjármunir

a. Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Húsbúnaður og áhöld	Samtals
Bókfært verð			
Heildarverð 1.1.2010	9.155	7.169	16.324
Afskrifað samtals 1.1.2010	(2.030)	(6.452)	(8.482)
Bókfært verð 1.1.2010	7.125	717	7.842
Viðbætur á árinu		234	234
Afskrifað á árinu	(183)	(196)	(379)
Bókfært verð 31.12.2010	6.942	755	7.697
Heildarverð 31.12.2010	9.155	7.403	16.558
Afskrifað samtals 2010	(2.213)	(6.648)	(8.861)
Bókfært verð 31.12.2010	6.942	755	7.697
Afskriftarhlutföll	2%	15-20%	

b. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat húseigna sparisjóðsins í árslok 2010 nam 5.170 þús. kr. og lóða 624 þús. kr. eða samtals 5.794 þús. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 30,1 millj. kr. Vátryggingaverð húsbúnaðar og skrifstofuáhaldar var 20,8 millj. kr. í árslok.

13. Fastafjármunir til sölu

Fastafjármunir til sölu sundurliðast þannig;

	2010	2009
Fasteignir	14.316	14.316
Fastafjármunir til sölu samtals	<u>14.316</u>	<u>14.316</u>

Skýringar, frh.:

14. Skatteign

Skatteign félagsins greinist þannig:

	2010	2009
Skatteign 1. janúar	86.906	36.534
Áhrif breyts skatthlutfalls á tekjuskattsskuldbindingu	8.035	14.351
Reiknaður tekjuskattur ársins	(14.587)	36.021
Skatteign 31. desember	<u>80.354</u>	<u>86.906</u>

Skattseign sparisjóðsins greinist þannig í árslok:

	2010	2009
Yfirlægð tap	73.228	80.877
Skuldabréfa- og hlutabréfaveign	6.340	5.706
Frestaður gengismunur	756	321
Varanlegir rekstrarfjármunir	30	2
Skatteign 31. desember	<u>80.354</u>	<u>86.906</u>

15. Innlán

Innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	2010	2009
Gjaldkræft	1.381.267	1.182.949
Allt að 3 mánuðir	25.771	52.433
Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári	39.041	9.353
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	329.130	114.920
5 ár og síðar	58.559	53.111
Samtals	<u>1.833.768</u>	<u>1.412.766</u>

16. Lántaka

	2010	2009
Lán frá lánastofnum	<u>828.881</u>	<u>799.356</u>

Lántaka sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	2010	2009
Allt að 3 mánuðir	104.924	51.600
Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári	198.954	405.900
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	525.003	341.856
Samtals	<u>828.881</u>	<u>799.356</u>

17. Lifeyrisskuldbinding

Sparisjóðurinn ber ábyrgð á eftirlaunum eins af fyrrverandi sparisjóðsstjórum. Útreikningur skuldbindingar sparisjóðsins vegna þessa nemur 10,3 millj. kr. í árslok.

Breyting skuldbindingar á árinu greinist þannig:

	2010	2009
Lifeyriskuldbinding í ársþýjun	9.676	9.157
Vextir og verðbætur	2.191	2.081
Greiddur lifeyrir	(1.585)	(1.562)
Lifeyrisskuldbinding í árslok	<u>10.282</u>	<u>9.676</u>

Skýringar, frh.:

18. Eigið fé

Eigið fé í árslok 2010 nemur 220,5 millj. kr. eða 7,5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings, að viðbættum ábyrgðum utan efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sparísjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálfyrirtæki er 9,1% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2010	31.12.2009
Hlutfallið reiknast þannig:		
Heildar eigið fé	220.482	216.732
Skatteign	(80.354)	0
Eignarhlutir í öðrum fjármálfyrirtækjum	(6.438)	(14.501)
Eiginfjárgrunnur samtals	133.690	202.231
Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig:		
Útlánaáhætta	89.124	89.528
Markaðsáhætta	17.671	26.614
Rekstrarhætta	10.683	11.017
Eiginfjárkrafa	117.478	127.159
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjákröfu	16.212	75.072
Eiginfjárlutfall	9,1%	12,7%

19. Skuldbindingar utan efnahags

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar skuldbindingar greinast þannig:

	2010	2009
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	37.655	41.820
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	62.571	67.508

Með lögum nr. 98/1998 var stofnaður Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Samkvæmt lögum sem gilda um sjóðinn skulu heildareignir hans nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabónkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.

20. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar sparisjóðsins eru stjórn sparisjóðsins, sparisjóðsstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	31.12.2010	31.12.2009
Lán til stjórnarmanna og félaga tengdum þeim	9.622	9.956

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á tímabilinu.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Skýringar, frh.:

21. Önnur mál

Í júní 2010 dæmdi Hæstiréttur gengistryggingu lánasamninga sem gerðir eru í íslenskum krónum ólögmæta. Þann 16. september 2010 kvað Hæstiréttur upp dóm vegna vaxta á gengistryggðum bílalánum. Í kjölfarið hefur Alþingi samþykkt lög sem ætlað er að tryggja að niðurstaða Hæstaréttar í framangreindum dómi nái til allra lána vegna bíla- og húsnæðiskaupa sem tengd eru gengi erlendra gjaldmiðla.

Jafnframt hefur náðst samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítila og meðalstórra fyrirtækja en aðilar að því eru Samtök fjármálaufyrirtækja, Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Fjármálaráðuneytið, Viðskiptaráð Íslands og Félag atvinnurekenda.

Sparisjóðurinn hefur metið áhrif þess á fjárhagsstöðu sjóðsins og lagt í sérgreindan afskriftareikning útlána og nemur sérgreindi afskriftareikningurinn um 11% af heildarútlánum sjóðsins.

Í febrúar á þessu ári hafa fallið tveir dómar í Hæstarétti þar sem tiltekin gengistryggð lán til fyrirtækja voru dæmd ólögleg. Vegna dómannna ríkir því eftir sem áður óvissa um lögmæti ýmissa útlána, lánasamninga og annarra fjármálagerninga sem tengdir eru erlendum myntum og þar með óvissa um áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Þessi óvissa tekur meðal annars til þess hvort gengisbundin lán sparisjóðsins hjá Seðlabankanum séu lögleg.